

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

TILSKIPUN RÁÐSINS 96/93/EB

2010/EES/39/01

frá 17. desember 1996

um vottun dýra og dýraafurða (*)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 43. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽²⁾,

Í tilskipun ráðsins nr. 89/662/EBE frá 11. desember 1989 um dýraheilbrigðiseftirlit í viðskiptum innan Bandalagsins til að stuðla að því að hinum innri markaði verði komið á ⁽³⁾ og tilskipun ráðsins nr. 90/425/EBE frá 26. júní 1990 um eftirlit með dýraheilbrigði og dýrarækt í viðskiptum innan Bandalagsins með tiltekin dýr á fæti og afurðir til að stuðla að því að hinum innri markaði verði komið á ⁽⁴⁾ er sú ábyrgð lögð á aðildarríkið, þar sem afurðin er framleidd eða sem hún er send frá, að það sjái til þess að heilbrigðiseftirlit dýralæknis og, eftir því sem við á, vottun fari fram á viðeigandi hátt.

Til að tryggja snurðulausa starfsemi innri markaðarins með lifandi dýr og dýrafurðir verða aðildarríkin að geta reitt sig fullkomlega á vottun á framleiðslustað og sendingarstað.

Þessu markmiði geta aðildarríkin ekki náð hvert fyrir sig og skal af þeim sökum samþykkja sameiginlegar reglur um skyldur lögbærra yfirvalda og vottunarmanna að því er tekur til vottunar dýra og dýraafurða í samræmi við löggjöf Bandalagsins.

Rétt er að tryggja að reglur og meginreglur, sem vottunarmenn þriðju landa beita, veiti tryggingu sem er a.m.k. sambærileg þeirri sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

Gera verður árangursríkar ráðstafanir til að koma í veg fyrir villandi eða svíksamlega vottun.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Með þessari tilskipun er mælt fyrir um reglur sem fara verður eftir við útgáfu vottorða sem gerð er krafa um í löggjöf um dýralækningar.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 296, 23.11.2000, bls. 1. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 76/1999 frá 25. júní 1999 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna), sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 54, 23.11.2000, bls. 1.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. C 373, 29. 12. 1994, bls. 16.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. C 56, 6. 3. 1995, bls. 165.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989, bls. 13. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun ráðsins 92/118/EBE (Stjtið. EB nr. L 62, 15. 3. 1993, bls. 49).

⁽⁴⁾ Stjtið. EB nr. L 224, 18. 8. 1990, bls. 29. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun ráðsins 92/118/EBE.

2. gr.

1. Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

„löggjöf um dýralækningar“: löggjöf sem skráð er í viðauka A við tilskipun 89/662/EBE og viðaukum A og B við tilskipun 90/425/EBE,

„vottunarmaður“: opinber dýralæknir eða — þegar kveðið er á um það í löggjöf um dýralækningar — hver sá maður annar sem hefur heimild lögbærs yfirvalds til að undirrita vottorðin sem krafist er í þeirri löggjöf.

2. Auk skilgreininga í 1. mgr. skulu skilgreiningar í 2. gr. tilskipana 89/662/EBE og 90/425/EBE gilda að breyttu breytanda.

3. gr.

1. Yfirvaldið skal sjá til þess að vottunarmenn hafi fullnægjandi þekkingu á löggjöf um dýralækningar að því er varðar dýrin eða afurðirnar, sem votta skal, og kunnir almennt skil á þeim reglum sem fylgja skal við uppsetningu og útgáfu vottorðanna og — ef nauðsyn ber til — á eðli og umfangi fyrirspurna, prófana eða rannsókna sem fram skulu fara fyrir vottun.

2. Vottunarmenn skulu ekki votta gögn sem þeir hafa persónulega enga þekkingu á eða geta ekki sannreynt.

3. Vottunarmenn skulu ekki undirrita vottorð, sem eru að einhverju leyti eða með öllu óútfyllt, eða vottorð varðandi dýr eða afurðir sem þeir hafa ekki skoðað eða heyra ekki lengur undir eftirlit þeirra. Ef vottorð er undirritað á grundvelli annars vottorðs eða staðfestingar skal vottunarmaður hafa það skjal undir höndum fyrir undirritunina.

4. Ekkert í þessari grein skal hindra opinberan dýralækni í að votta gögn sem:

a) hafa verið sannreynd á grundvelli 1. til 3. mgr. þessarar greinar af öðrum einstaklingi/aðila sem lögbært yfirvald hefur veitt heimild til þess og starfar undir eftirliti opinbera dýralæknisins, að því tilskildu að hann eða hún geti staðfest áreiðanleika gagnanna.

eða

b) hefur verið aflað, með tilliti til eftirlitsáætlana, með vísan til opinberlega viðurkenndra gæðatryggingarkerfa, eða fyrir tilstilli faraldsfræðilegs eftirlitskerfis

ef það er heimilt samkvæmt löggjöf um dýralækningar.

5. Heimilt er að setja nákvæmar reglur um framkvæmd þessarar greinar í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 7. gr.

4. gr.

1. Lögbær yfirvöld skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja áreiðanleika vottunar. Einkum skulu þau sjá til þess að vottunarmenn, sem þau tilnefna:

- a) hafi þá stöðu að óhlutdrægni þeirra sé tryggð og að þeir eigi ekki neinna beinna viðskiptalegra hagsmuna að gæta vegna dýra eða dýraafurða, sem þeir votta, eða á bújörðunum eða starfsstöðvunum, sem þær koma frá.
- b) geri sér að öllu leyti grein fyrir mikilvægi efnis þeirra vottorða sem þeir undirrita.

2. Vottorðin skulu a.m.k. vera á tungumáli sem vottunarmaður skilur og a.m.k. á einu af opinberum tungumálum ákvörðunarlands, eins og kveðið er á um í löggjöf Bandalagsins.

3. Hvert lögbært yfirvald skal vera í aðstöðu til að tengja vottorð við viðkomandi vottunarmann og tryggja að afrit af öllum útgefnum vottorðum séu tiltæk á því tímabili sem það ákvarðar.

5. gr.

1. Aðildarríki skulu koma á eftirliti og gera eftirlitsráðstafanir í þeim mæli sem nauðsynlegt er til að koma í veg fyrir útgáfu rangra eða villandi vottana og sviksamlega gerð eða notkun vottorða sem líta út fyrir að hafa verið gefin út í samræmi við löggjöf um dýralækningar.

2. Með fyrirvara um hvers kyns dómsmál eða viðurlög skal lögbært yfirvald sjá um rannsóknir eða eftirlit og gera viðeigandi ráðstafanir til að refsa vegna einstakra tilvika um ranga eða villandi vottun sem það fær upplýsingar um. Meðal þess háttar ráðstafana getur verið tímabundin lausn vottunarmanna frá skyldustörfum þar til rannsókn er lokið.

Það á einkum við ef í ljós kemur við eftirlit:

- a) að vottunarmaður hefur að yfirlögðu ráði gefið út sviksamlegt vottorð og skal þá lögbært yfirvald gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja, eftir því sem unnt er, að viðkomandi einstaklingur geti ekki endurtekið brotið,
- b) að einstaklingur eða fyrirtæki hefur með sviksamlegum hætti notað eða breytt opinberu vottorði og skal þá lögbært yfirvald gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja, eftir því sem unnt er, að einstaklingurinn eða fyrirtækið geti ekki endurtekið brotið. Slíkar ráðstafanir geta falið í sér að hafna síðar meir að gefa út opinbert vottorð til viðkomandi einstaklings eða fyrirtækis.

6. gr.

Í tengslum við þær skoðanir, sem kveðið er á um í löggjöf Bandalagsins um dýralækningar, og úttektir, sem fara skulu fram samkvæmt jafngildissamningi milli Bandalagsins og þriðju landa, skal Bandalagið tryggja að þær reglur og meginreglur, sem vottunarmenn þriðja lands beita, veiti a.m.k. sambærilega tryggingu og þær sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

Ef fram kemur við þessar skoðanir og/eða úttektir eða við það eftirlit, sem kveðið er á um í tilskipunum 90/675/EBE og 91/496/EBE, að vottunarmenn þriðja lands hafi ekki farið að þessum meginreglum er heimilt að kveða á um viðbótartryggingar eða sérstakar ráðstafanir í samræmi við málsmeðferðina sem kveðið er á um í 7. gr. þessarar tilskipunar.

7. gr.

Ef vísað er til málsmeðferðarinnar, sem kveðið er á um í þessari grein, skal fastanefnd um dýraheilbrigði, sem var komið á fót með ákvörðun ráðsins 68/361/EBE⁽¹⁾, fara að þeim reglum sem mælt er fyrir um í 18. gr. tilskipunar 89/662/EBE.

8. gr.

Framkvæmdastjórnin skal, fyrir 31. desember 1998, leggja skýrslu fyrir ráðið ásamt tillögum um mögulega notkun örugga aðferða við rafrænar sendingar og vottanir.

Ráðið tekur ákvörðun um þessar tillögur með auknum meirihluta.

9. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 1. janúar 1998. Þau skulu tilkynna þá að framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

(¹) Stjótið. EB nr. L 255, 18. 10. 1968, bls. 23.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

10. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 17. desember 1996.

Fyrir hönd ráðsins,

I. YATES

forseti.
